

Grunnskóli Reyðarfjarðar



# Valgreinar Skólaárið vor 2024 Námslýsingar



*Hugrökku ❤️ er ekkert ómögulegt*



## Val í 8. – 10. bekk

Kæri nemandi.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur á unglingastigi fái 37 kennslustundir á viku eða 1480 mínútur alls. Þær skiptast í 33 stundir í kjarnagreinum og 4 stundir í valgreinum. Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform eftir því sem hægt er.

### **Nemendur velja sér nú valgreinar fyrir vorönn.**

Í þessum bæklingi eru valgreinarnar kynntar og biðjum við ykkur um að lesa kynningarnar vel yfir. Valgreinar eru kenndar annars vegar á þriðjudögum og hinsvegar á fimmtudögum.

# Valgreinar kenndar á þriðjudögum frá kl. 13:25-14:45.

## Hönnun og smíði – Guðný Helga

Unnið verður að skapandi verkefnum sem tengjast hönnunarferli og smíðum. Verkefni verða margvísleg allt frá því að útskýra hugmyndir sínar með fríhendis- og grunnteikningu ásamt því að vinna eftir verkáætlun og vinnuteikningum. Lagt verður upp úr samvinnu, jákvæðni, vinnusemi og vandvirkni.

### Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

## Heimilisfræði - Þórey

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

### Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

### Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

# Götulist – Karitas Harpa

Í þessari smíðju skoðum við upphaf götulistar, hina mismunandi götulistamenn í sögu götulistar, prófum hinar ýmsu aðferðir götulistar með það markmið að endurgera myndavegginn á gamla íþróttahúsinu.

## Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

# Skólasel - Guðlaug

Nemendur vinna undir stjórn starfsmanna Skólasels við ýmis störf sem til falla. Áhersla er lögð á virkni og frumkvæði.

## Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

# Kynjafræði – Helga Elísabet

Ætlar þú að hafa áhrif í samfélaginu?

Hefur þú áhuga á listum, stjórnámálum eða menningu?

Í kynjafræði setjum við upp kynjagleraugun og skoðum samfélagið okkar í samhengi við hugtök kynjafræðinnar.

Við skoðum til dæmis staðalímyndir, karlmennsku, þriðju vaktina, bleikan skatt, kyngervi og jafnrétti.

Við hlustum á tónlist, horfum á myndir eða þætti, skoðum samfélagsmiðla og aðra fjölmiðla og okkar nánasta umhverfi.

Nám í kynjafræði eykur hæfni ykkar í að hugsa á gagnrýninn hátt og koma ykkar rödd á framfæri – en það eru mikilvæg tæki fyrir þau sem vilja taka þátt í að móta samfélagið okkar.

## Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

# Heilsuefling – Marín Laufey

## Lýsing

Nemendur fá fræðslu um mismunandi þjálfunaraðferðir og mikilvægi hreyfingar. Lögð verður einnig áhersla á að nemendur læri um endurheimt, næringu og áhrif þess á andlega og líkamlega heilsu. Nemendur læra hvernig setja á sér markmið og hvernig hægt sé að ná þeim með því að brjóta þau niður í smærri viðráðanlegri skref.

## Markmið

- Að geta útskýrt helstu áhrif hreyfingar og endurheimtar á líkamlega og andlega líðan.
- Að geta gera sér grein fyrir mikilvægi góðrar næringar fyrir vöxt og viðhald líkamans.
- Að læra að setja sér raunhæf skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og/eða heilsurækt.
- Að þekkja hvaða hlutverk helstu vöðvahópar líkamans hafa í tengslum við þjálfun líkamans.
- Að geta gert sér grein fyrir mismunandi þjálfunaraðferðum og tilgangi þeirra.

## Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

# Valgreinar kenndar

## á fimmtudögum frá kl. 13:25-14:45.

### Heimilisfræði - Þórey

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

#### Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

#### Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

### Leirlist - Hulda

Nemendur læra að tileinka sér nokkrar aðferðir leirmótunar t.d. kúluaðferð, plötuaðferð og pulsuaðferð. Nemendur glerja hlutina. Lögð áhersla á hugmyndavinnu í öllum verkefnum.

#### Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

# Íþróttþjálfun barna og unglunga -Ania

## Lýsing

Nemendur fá fræðslu um hreyfingu og heilbrigði ásamt því að kynna starfi þjálfara ungra barna í íþróttaskóla. Nemendur skipuleggja tíma fyrir 6 – 8 ára börn með áherslu á þrautir og leiki og því er æskilegt að þau hafi gaman að því að starfa með börnum.

## Markmið

- Að nemendur fræðist um grunnþjálfun líkamans.
- Að nemendur öðlist færni í að starfa sem leiðbeinendur í íþróttaskóla.

## Námsmat

Lykilhæfnipættir sem metnir verða eru:

- Ábyrgð
- Þrautseigja
- Frumkvæði og áræðni
- Samskipti og samstarf
- Námsvitund
- Tjáning
- Námsárangur - metinn út frá framlagi og frágangi á verkefnum.

# Undirbúningur fyrir árshátíð - Karitas

Í þessu vali verður uppsetning árshátíðarinnar undirbúin. Nemendur fá tækifæri til þess að hafa áhrif á handrit árshátíðar, rýna í og hanna búninga og leikmynd.

Nemendur verða síðan leikstjóra innan handar viðuppsetningu, æfingar og tæknimál.

## Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

# Fjármálalæsi – Jón Gunnar

Nemendur geri sér grein fyrir nauðsyn ábyrgðar í fjármálum. Geti gert kostnaðaráætlun og haldið utan um það. Kynnist launum sem eru í boði fyrir

mismunandi störf. Kynnist því hvernig ríkið er rekið og þekki mun á beinum og óbeinum sköttum. Læri um lán, sparnað, vexti og vísitölu. Helstu hugtök um fjármál heimila kynnt sem og skattaskýrslugerð. Læri á launaseðla, launamiða, launatengd gjöld og skattaútreikninga.

### **Markmið**

- Að nemendur fái aukin skilning á fjármálalæsi og skilji helstu hugtök innan fjármálalæsis
- Að nemendur skilji launaseðlana sína
- Að nemendur geri sér betur grein fyrir mikilvægi þess að halda utan um fjármálin sín

### **Námsmat**

Hver kennslustund er metin með tilliti til hæfniviðmiða og horft til frumkvæðis og vandvirkni. Verkefni eru metin í lok lotunnar.